

# MOSFELLINGUR

6. TBL. 13. ÁRG. MIÐVIKUDAGUR 16. APRÍL 2014 DREIFT FRÍTT INN Á ÖLL HEIMILI OG FYRIRTEKI Í MOSFELLSBÆ, Á KJALARNESI OG Í KJÓS



Mosfellingarnir í hljómsveitinni Vio

## Sigurvegarar Músíktírauna » 16

KÁRI GÚDMUNDSSON,  
PÁLL CECIL SÆVARSSON  
OG MAGNÚS THORLACIUS

Mynd/RoggiÓlaf

### EIGN VIKUNNAR

www.fastmos.is




NYTT  
Á SKRÁ

#### Súluhöfði - einbýlishús

Mjög fallegt 229,5 m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð, þar af er 42,5 m<sup>2</sup> tvöfaldur bílskúr við Súluhöfða í Mosfellsbæ. Eignin skiptist í forstofu, hol, stóra stofu/borðstofu, eldhús með borðkrók, fjögur svefnherbergi, baðherbergi, gestasalerni, þvottahús og bílskúr. Stórt bílabilan og suðvestur pallur með heitum potti.

V. 65,4 m.



Fylgstu með okkur á Facebook  
www.facebook.com/fastmos

### Fasteignasala Mosfellsbajar



Kjarna • Pverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080  
Einar Páll Kjærnested • lögg. fasteignasali • www.fastmos.is



MICHELIN GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI  
N1 LANGATANGA 1A - MOSFELLSBÆ - SÍMI 440 1378

N1

Meira í leiðinni



Mosfellingurinn Magnús Sigsteinsson fyrrum oddviti Mosfellshepps

## Sjötugur í dag og á leið til Bahamaeyja » 24



Handgerð páskaegg



Mosfellsbakari



Sími 5666 145  
www.konfekt.is

## RÉTTINGAVERKSTÆÐI Jóns B. ehf

Flugumýri 2, Mosfellsbæ  
Símar: 566 7660 og 697 7685 jonrett@internet.is  
NÝ HEIMASÍDA - WWW.JONB.IS

Þjónustuverkstæði  
útvægum bílaleigubíla



Ný  
CABAS  
þjónskobúrn



# MOSFELLINGUR

[www.mosfellingur.is](http://www.mosfellingur.is) - [mosfellingur@mosfellingur.is](mailto:mosfellingur@mosfellingur.is)

**Útgefandi:** Mosfellingur ehf., Spáahéða 26, sími: 694-6426  
**Ritstjóri og ábyrgðarmaður:** Hilmar Gunnarsson  
**Ritstjórn:** (bládamenn og ljósmyndarar)

Anna Ólöf Sveinbjörnsdóttir, [annaola@mosfellingur.is](mailto:annaola@mosfellingur.is)

Ragnar Þór Ólason, [raggiola@mosfellingur.is](mailto:raggiola@mosfellingur.is)

Ruth Órnólfsdóttir, [ruth@mosfellingur.is](mailto:ruth@mosfellingur.is)

**Prentun:** Landsprent. **Upplag:** 4.000 eintök

**Dreifing:** Íslandsþóstur.

**Umbrot og hönnun:** Mosfellingur ehf.

**Prófförk:** Ingibjörg Valsdóttir

Tekid er við aðsendum greinum á [mosfellingur@mosfellingur.is](mailto:mosfellingur@mosfellingur.is)

og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð. Efni og auglýsingar

skulu berast fyrir kl. 12. mánuðagi fyrir útgáfudag.

**Mosfellingur kemur út að jafnaði á þriggja vikna fresti.**

Næsti Mosfellingur kemur út 8. maí

## Mosfellingar ná langt

Það hefur verið gaman að fylgjast með ungum og kraftmiklum Mosfellingum að undanförunu. Þeir eru þónokkrir sigramír sem hafa unnið.

Kaleo slær í gegn, Jóhanna vinnur Biggest Loser, Gunnar Helgi er Master-Chef, Greta Salóme með sitt Eurovisionslag og Vio vann að dögnum Músiktilraunir. Þá er ótalið allt okkar flotta íþrótafólk.

Það er gaman að vera blaða- maður og bera fréttir

af þessum dugnaðarforfum og smita kraftinn út í bæjarlífið.

Annar barátumaður og sigurvegari er Kári Örn Hinriksson. Það er misjaft sem á fólk er lagt. Kári hefur greiðst fjórum sinnum með krabba- mein og létur ekki deigan síga. Nú hafa vinir og velunnarar Kára ákveðið að halda sérstakan styrktardag honum til heiðurs á sumardaginn fyrsta. Allar upplýsingar um Káradaginn er að finna hér í blaðinu. Eg hlakka til að sjá sem flesta taka þátt. Kári, haltu áfram að berjast svona heftulega! Við Mosfellingar stöndum með þér.



Hilmar Gunnarsson, ritstjóri Mosfellingur



**Kjüllli frá Ísfugli**  
 langflettastur

[www.isfugli.is](http://www.isfugli.is)

## Í PÁ GÖMLU GOÐU...



1960



2014

Sagan um Lágafellsmelinn og Sauðholtsmýrina sem síðar fengu samheitið Hlíðartún hófst í 15. töl. Mosfellsins 2013, með loftmynd frá 1960 austur yfir staðinn. Síðar hefur komið í ljós að mynd þessa tók á sínum tíma Gunnar Rúnar Ólafsson ljósmyndari.

Í nokkrum tölubúðum þar á eftir var svo fjallað um hvernig byggð myndast og breyttist á þessu svæði og nú hefur Guðni Þorbjörnsson, flugmaður og áhugaljósmyndari nú í lok mars 2014 flogið sömu leið og tekið samberilega mynd.

Þarna hefur æði margt breyst á þessum 54 árum. Lega götunnar sem hverfið dregur nú nafn af er þó enn mjög svipuð, þó innkoman frá Vesturlandsvegi sé orðin nokkuð frábrugðin, liggur t.a.m. nokkuð beint frá þjóðvegnum og allnokkru norðar þegar yfir Lágafellslæk kemur en áður var. En lesendur geta skemmt sér við að bera saman þau hús sem eru nokkuð auðþekkt á milli myndanna. Yngri myndin er nokkru víðari og tekur nær Úlfarsfellinu en sú eldri, þannig að á henni má sjá bílapartasöluna sem nú stendur þar sem um 1960 var fugla og/eda svínabú

Gunnars Sveinssonar og gekk undir nafninu Skuggastaðir. - Fjós og hlaða Thors Jensen eru horfin á yngri myndinni en mannabústaðir komnir í staðinn.

Glögt má sjá hvernig byggðin hefur vaxið og dafnað og er nú orðin býsna fjölmenn. - Austur af henni má svo sjá hvar blómlegt íðnaðarverfi hefur haslað sér völl í veðurseldinni milli Lágafells og Úlfarsfells.

Texti: Sigurður Hreiðar

Umjón: Birgir D. Sveinsson ([birgrid@simnet.is](mailto:birgrid@simnet.is))



HÉÐAN OG ÞAÐAN



Getur þú fundið Benjamin falinn í blaðinu?

PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?



100BILAR.IS OG ISBAND.IS • ÞVERHOLT 6, MOSFELLSBÆ



**Hvíti Riddarinn**  
 RESTAURANT - BAR - SPORTBAR





**Einar Páll  
Kjærnessted**  
Lögg. Fasteignasali



**Sveinþór  
Einarsson**  
Lögg. Fasteignasali



**Egilína S.  
Guðgersdóttir**  
Lögg. Fasteignasali



**Hildur  
Ólafsdóttir**  
Lögg. Fasteignasali



**Þórhildur M.  
Sandholt**  
Lögg. Fasteignasali



## HLÍÐ Í KJÓÐ

Fallegt 27 m<sup>2</sup> sumarbústaður á útsýnislóð við Hlíð 20 í Eilífisdal í Kjóssarheppi. Stór vernd er við húsið og mikill gróður í landinu.

V. 7,2 m.

**NYTT  
Á SKRÁ**



## BUGÐUTANGI

Fallegt 52,4 m<sup>2</sup> raðhús á einni hæð við Bugðutanga 24 í Mosfellsbæ. Eignin skiptist í svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, eldhús og stofu. Steypt bílastæði fyrir framan húsið og timburverönd og garður í suður. Aðvandi er lán hjá Arion banka ca. 19,0 m.

V. 21,9 m.

# VILTU SELJA?

Vegna mikillar sölu undanfarið þá vantar okkur hjá Fasteignasölu Mosfellsbæjar allar gerðir eigna á söluskrá.



## HJALLAHLÍÐ

Fallegt 117 m<sup>2</sup>, 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í fjórbyliðshúsi ásamt 24,1 m<sup>2</sup> bílskúr við Hjalldahlíð 19C í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í hjónaherbergi, tvo barnaherbergi (nú eitt stórt herbergi), forstofu, baðherbergi, þvottahúsi, geymslu, stofu og eldhús.

V. 36,5 m.

**NYTT  
Á SKRÁ**

## HAMRATANGI - ENDARAÐHÚS



Fallegt og bjart 150 m<sup>2</sup> + risloft endaraðhús með bílskúr við Hamratanga 7 í Mosfellsbæ. Eignin er laus til afhendingar strax. Eignin skiptist í forstofu, stofu, borðstofu, eldhús, tvö barnaherbergi (nú eitt stórt herbergi), hjónaherbergi, baðherbergi, þvottahúsi, bílskúr og risloft. Eignin er skráð 150 m<sup>2</sup>, þar af raðhús 124,8 m<sup>2</sup> og bílskúr 25,2 m<sup>2</sup>. Risloftið er ekki inn í fermetatölu eignarinnar.

V. 41,9 m.

**LAUS  
STRAX**

**NYTT  
Á SKRÁ**



## STÓRIKRIKI

Glæsilegt 211,8 m<sup>2</sup> einbýliðshús á einni hæð í byggingu á fallegri jaðarlóð við Stórikrika 23 í Mosfellsbæ. Húsið er ca. tilbúð til innréttinga í dag og selst í núverandi ástandi. Gott skipulag. Fjögur svefnherbergi.

V. 53,5 m.

**LAUS  
STRAX**

## GRUNDARTANGI - RAÐHÚS



Fallegt 82,5 m<sup>2</sup>, 3ja herbergja raðhús við Grundartanga 8 í Mosfellsbæ. Hellulagt bílplán og vernd með geymsluskúr fyrir framan húsið og garður með verönd og gróðurhúsi í suðvestur. Eignin skiptist í tvö svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahúsi/geymslu, stofu og eldhús. Gott geymsluft er yfir húsinu.

V. 27,9 m.

**NYTT  
Á SKRÁ**

## BIRKITEIGUR

Rúmgóð 96,5 m<sup>2</sup> neðri sérhæð í tvíbýliðshúsi við Birkiteig 2 í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, stofu, eldhús m/borðkrók, barnaherbergi, baðherbergi og stórt hjónaherbergi.

V. 24,9 m.

**LAUS  
STRAX**

## STÓRIKRIKI

Glæsilegt 117,6 m<sup>2</sup>, 4ra herbergja íbúð á efstu hæð í 3ja hæða lyftuhúsi með bílastæði í bílakjallara við Stórikrika 2 í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í þrjú svefnherbergi, forstofu, hol, stofu, eldhús, baðherbergi, og þvottahúsi. Íbúðinni fylgir sýrgæmsla í kjallara.

V. 32,5 m.

## PRASTARHÖFÐI

Mjög fallegt 228,0 m<sup>2</sup> einbýliðshús með bílskúr innst í botnlanga við óbyggt svæði. Eignin skiptist í stóra forstofu, stóra stofu/borðstofu, eldhús með borðkrók, hjónasvitu og fatarherbergi, stórt barnaherbergi, baðherbergi m/sturtu, geymslu (nú notuð sem svefnherbergi), gott þvottahús og stóran bílskúr.

V. 69,9 m.

**LAUS  
STRAX**

## STÓRIKRIKI

Um 200 m<sup>2</sup> einbýliðshús í byggingu á fallegri jaðarlóð við Stórikrika 31 í Mosfellsbæ. Einstök staðsetning - Stór jaðarlóð með sundurgarði - Stórklæsil og vandlega hannað einbýliðshús á einni hæð. Húsið afhendist fullbúð að utan. Að innan skilast húsið fókheft.

V. 42,5 m.

**LAUS  
STRAX**

## SKUGGABAKKI

Mjög gott 53,2 m<sup>2</sup> 8 hesta hesthús við Skuggabakki 2 í hesthúsaþverfinu í Mosfellsbæ. Húsið er endurgerft nánast frá grunni að 2012. Fjórar rúmgóðar 2ja hesta stíur. Kafistofa með innréttingu og borðkrók. Salemi. Hnakkegæmsla og hlada. Gott sérgerði er fyrir framan húsið.

V. 9,5 m.

**NYTT  
Á SKRÁ**

# Skipuleggja styrktardag

Á sumardaginn fyrsta verður haldinn mikill styrktardagur fyrir Kára Örn Hinriksdóttur, 25 ára Mosfellling, sem glimt hefur við krabbamein stöðsþöðin átta ár.

Dagurinn hefst með árlegu golfmóti Kjalara á þessum fyrsta sumardegi og mun hluti af mótsgjaldi renna í styrktarsjóð Kára. Klukkan 16 fer fram stórkleikur á gervigrasinu að Varmá þar sem Afturelding og Hvíta Riddarinn eiga við. Um kvöldið verða svo veglegir styrktarátvöðleikar á Hvíta Riddaranum þar sem fjöldi listamanna kemur fram. Sjálfur hefur Kári Örn æft fótbolta með Afturelding og golf með Kili auk þess að þreifa fyrir sér í múlkinni.

## Atvinnumaður í krabbameini

Kári Örn hefur barist heilulega við krabbameinið og kallar sig að eigin sögn „atvinnumann í krabbameini“. Hann greindist fyrst í september ári 2006 og fór í stöðsþöð háust tók krabbameinið sig upp í fjórða sinn.

Kári hefur bloggað um reynslu sína undir yfirskriftinni „If you're going through hell, keep going“ og hægt er að fylgjast með skrifunum hjá Kára á slóðinni atvinnumadurirkrabbameini.blogspot.com.

Þá er hann einnig með bók í stöðum um lífseynsluna.



Ingi, einn af skipuleggjendum dagsins. „Barátta hans er aðdunarverð og hann hefur sýnt frábært fordæmi hvernig takast skal á við erfðeika í lífinu. Það er ekki annað hægt en að stýðja hann í baráttunni. Við ætlum að gera þennan dag sem eftirminnilegast.“

Golfmót á Hlíðavelli hefst að morgni ef veður leyfir. Hvíta Riddarinn og Afturelding eiga við í fótboltaleik kl. 16 en löðin hafa ekki mægt öðru og verður stolt

þæjarinn undir. Svo verða miklir tónleikar á Hvíta Riddaranum um kvöldið og hefjast kl. 20. Enn er listamenn að bættast í höpin en fram koma m.a. Fríðrik Dór, Stormsveitin, Biggi Haralds, Kókos, Hafdis Huld, Stefania Svavars og Vio. Um kvöldið verður einnig hvarðreitt og uppboð.

Þeir sem hafa áhuga á að leggja málefnið í einhvern hátt geta haft samband á netfangið stydjumkara@gmail.com.

» Stofnunar hefur verið styrktarreiðingur og er hann á nafni Eru Arnardóttur móður Kára kl.: 211260-3279 Reikningsnúmer: 0315-13-300977

HLUTI SKIPULEGGJENDA KÁRADAGSINS



## Heilsudagur haldinn í Mosfellsbæ 7. maí

Mosfellsbær er í öðanum að byggja upp heilsufelldi samfélag. Í ár er áhersla lögð á næringu og mat. Markmiðið er að auka vatnsdrykkju, auka neyslu á grænmeti og ávöxtum, auka aðgengi og sýnileika heilsusamlegrar fæðu í sveitarfélaginu og stuðla að almennri vitundarvakningu um holla og fjölbreytta fæðu og tengsl hennar við heilna heilna. Blásið verður til heilsudags miðvikudaginn 7. maí og hefst málþing í FMOS kl. 19.30. Yfirskrift málþingsins er heilsa og hollusta fyrir alla. Fjölbreytt dagskrá verður í boði sem má kynna sér í auglýsingu annars staðar í blaðinu.



## Hestabraut í boði í framhaldsskólanum

Í haust verður boðið upp á sérstaka hestabraut í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ. Þá geta nemendur lokið prófi sem hestasteynir á 1-2 árum á þessari námsbraut í hestamennsku. Hestasteynir vinna sem aðstoðarmaður í hvers konar hestatengdri starfsemi, svo sem á hestabúgörðum, við hestategundferðabjónustu eða hjá öðrum sambærilegum fyrirtækjum. Hann sinnir helstu verkþáttum í hringu hesta og aðstoðar við þjálfun þeirra. Lokamarkmið hestabrautar er að nemendur fái tækifæri til að sinna námi á áhugasviði sínu, öðlist hæni sem aðstoðarmenn í hvers konar hestatengdri starfsemi og geti sinnt helstu verkþáttum í hringu hesta og aðstoðar við þjálfun þeirra. Á kjörsviði hestamennsku og hestahróttara eru bóklegir áfangar, verklegir áfangar og vinnustaðanám. Nemendur greiða sérstakt gjald vegna verklegrar kennslu á brautinni, 60.000 kr. á árin. Einnig er nauðsynlegt að nemendur hafi hest til umráða. Hestabrautir eru unnin í samvinnu við Hestamannafélagið Höst.



JÓHANNA Í DAG

## Jóhanna Elísa er fyrsti sigurvegari The Biggest Loser Ísland

# Léttist um 52,5 kg

Mosfellingurinn Jóhanna Elísa Svendsen Engelhartsdóttir gerði sér lítið fyrir og sigraði í fyrstu serunni af raunveruleikabátaröðinni The Biggest Loser Ísland. Jóhanna sem er Mosfellingur í húð og hár er mikill aðdáandi þessara þátta og var búin að segja við manninn sinn að hún væri alveg kjörin í þetta. Þegar auglýst var eftir þáttakendum var hún fljót að senda inn umsókn.

„Ég sendi inn umsókn en var svo ekki nógu áhætt með hana og sendi þá inn aðra. Ég var ákveðin í því að þetta væri tækifæri fyrir mig að gera eitthvað róttækt í minum lífnum“, segir Jóhanna og hlaer. „Þegar ég fékk boð um að koma í viðtal talaði ég við yfirmann minn og var búin að fá frá frá vinnu í þessar 10 vikur. Það virkaði vel í viðtalinu því með því syndi ég að mér var alvara.“

## Mikil líkamleg og andleg vinna að baki

Jóhanna er 36 ára gift þriggja barna móðir og starfar sem lífeindafræðingur á Landsþíalanum en hún léttist um tólf 52 kg á meðan



FYRIR ÁRI SÍÐAN

á þáttunum stóð. „Ég hef alltaf verið í stærra kantinum, sem barn var ég þétt en hef alltaf haft gaman af hreyfingu. Ég hef tekið líkamsræktina í skorpum eins og gengur og gerist en í kringum vírtugt þétti ég rosalega miki og var orðin vel yfir 100 kg. Svo gleymir maður sér í amstri dagsins, forgangsraðar viltlaus og setur sjálfan sig aldreí í fyrsta stæti.“

Ég er mjög þakklát fyrir að hafa fengið þetta tækifæri, mikil áhersla var lögð á hreyfingu og matareið en ekki síður á andlega þáttinn.

Mikill tími fór í andlega vinnu en vorum hvítt til að opna hugann og gera okkur grein fyrir rót vandans og taka á því, vera fullkomlega hreinskilin við okkur sjálf“, segir Jóhanna sem hefur fundið fyrir miklum stuðningi og áhuga hjá Mosfellingum.

„Það er örtrúleg hvað margir eru að fylgjast með mér og hvetja mig áfram. Ég fer ekkert ofan af því að Mosfellsbær er topp þæjarleikur og hér er best að vera“, segir Jóhanna að lokum og hvetur fólk og þá sérstaklega mosfellskar húsmóður til að setja sjálfar sig í fyrsta stæti og huga vel til heilsunnar.

## KIRKJUSTARFÍÐ



WWW.LAGAFELLSKIRKJA.IS

## HELGIHALD NÆSTU VIKNA

**13. apríl - skirdagur**  
Feringarguðsþjónustur í Lágafellskirkju kl. 10:30 og 13:30  
Sr. Skírnir Garðarsson og sr. Arndis Linn

**18. apríl - föstudagurinn langi**  
Guðsþjónusta að Hömrum kl. 11:00  
Guðsþjónusta í Mosfellskirkju kl. 20:00  
Sr. Skírnir Garðarsson

**20. apríl - páskdagur**  
Hátíðarguðsþjónusta í Lágafellskirkju á páskdagsgmorgni kl. 08:00  
Sr. Arndis Linn  
Páskakaffi í safnaðarheimilinu að aflokinni guðsþjónustu

**27. apríl - sunnudagur**  
Guðsþjónusta í Mosfellskirkju kl. 11:00  
Sr. Arndis Linn



Allar nánari upplýsingar um safnaðarstarf Lágafellssóknar er að finna á heimasíðu kirkjunnar www.lagafellskirkja.is



# GLEÐILEGA PÁSKA

## NÓI SÍRÍUS



## Fimm bestu!

Páskaegginn frá Nóa Sírius eru af ýmsum stærðum og gerðum. Frá upphafi höfum við lagt metnað í að gera þau sem allra best úr garði – og reynslan, handbragðið og metnaðurinn skila sér. Fimm bragðbestu páskaegginn eru frá Nóa Sírius, samkvæmt páskaeggjadómstóli DV 2014. Bragðið leynir sér ekki.

– Njótið vel –

# Tíu ungmenni hljóta styrk

Íþrótt- og tómsbundanafnd Mosfellsbæjar hefur veitt 10 ungmennum styrk til að stunda sína íþrótt, tómsbund eða list yfir sumartímann. Í fóttu um 11 stúlkur og 7 strákar.

Við valið stýst nefndin við reglur sem byggja á vilja Mosfellsbæjar til að koma til móts við ungmenni sem, vegna tómsunda sinna, geta ekki með sama hætti og jafnaldrar þeirra stundað launuð störf.

Þessi meginregla auk reglunnar um að að jafna beri styrkjum milli kynja, aldursþópa, list-, íþrótt-, og tómsundagreina er það sem íþrótt- og tómsbundanafnd stýst við þegar valið er í þennan hóp.

Umsækjendur átta þjó allir sameiginlegt að þau langa og þurfa að nota sumartímann til æfinga, koma fram á viðburðum eða vera við keppni.

Eftirfarandi ungmenni hljóta styrk:

Arna Rún Kristjánsdóttir til að stunda gólf, Brynja Hlíf Hjálaldóttir til að stunda motocross, Guðrún Elísabet Björgvinsdóttir til að stunda listkausa, Kristín Þóra Birgisdóttir til að stunda knattspyrnu, Magnús Þór Sveinsson til að stunda píanó-



UNGMENNIN TAKA VIÐ STYRKJUM

leik, Ágústa Dómhildur Karlsdóttir til að stunda fjólfleik, Einar Aron Fjaljarsson til að stunda íþróttbögg, Emil Tumi Víglundsson til að stunda götuhjólreiðar, Heiða Rut

Halldórsdóttir til að stunda höpfiuleika, Thelma Dögg Grétarsdóttir til að stunda blak. Á myndina vantar Emil Tuma og Örnur Rún.

## Ársreikningur Mosfellsbæjar 2013 lagður fram • 1.664 milljónum varið í framkvæmdir

# Afgangur af rekstri bæjarins

Ársreikningur Mosfellsbæjar fyrir árið 2013 hefur verið lagður fram í bæjarráði og honum vísað til umræðu í bæjarstjórn.

„Rekstur Mosfellsbæjar gekk vel á árinu 2013 og var rekstrarafgangur fyrir fjármagnsliðið um 549 milljónir sem er 8% af tekjum,“ segir Haraldur Sveinsson bæjarstjóri. „Niðurstaðan er í samræmi við fjárhagsáætlun. Að teknu tilliti til fjármagnsliðu var afgangur af rekstri bæjarins um 31 milljónir eða 0,4% af tekjum.“

Liúdur Mosfellsbæjar voru 9.075 um síðustu áramót og hafði fjölgað um 1,1% á milli ára.

### Höfleg skuldsetning

Kennitíðurlur úr rekstri bera vott um trausta stöðu bæjarisjóðs. Veltufé frá rekstri eru 701 milljón sem eru 10% af rekstrartekjum. Eig-



HJÚKRUNARHEIMILIÐ HAMRAR

id fé nemur 3.952 milljónum og er eigin-fjárlífstíll 29%. Skuldavöðmið er 126% sem er vel innan þess 150% hámarks sem kvæðir er á um í lögum.

### 83% í fræðslu-, félags- og íþróttamál

Fræðslumál eru langstærsti málaflakkurinn en til hans runnu 2.679 milljónir á árinu 2013 eða helmingur af skatttekjum.

Til félagsþjónustu var veitt 1.112 milljónum og þar meðtalin málefni fatlaðs fólks. Íþrótt- og eskúlyðsmál eru þrjú stærsta verkefni bæjarins en til þeirra mála var varið um 633 milljónum.

### Mikil uppbygging í Mosfellsbæ

Um 1.664 milljónum var varið í framkvæmdir á árinu 2013 til þess að stýðja við þann vöxt og þá uppbyggingu sem er í sveit-arlélaginu. Stærstu framkvæmdirnar voru bygging framhaldsskólans í Mosfellsbæ sem tók til starfa í ársbyrjun 2014, bygging 30 rýma hjúkrunarheimilis sem vígð var sumarið 2013, bygging nýs íþróttahúss, leikskóla og þjónustumistöðvar fyrir aldraða. Á árinu var verulegum fjármunum jafnframt varið í viðhald og endurbætur á skólahúsnæði og íþróttastöðu í bænum.“



## Aftak tekur þátt í Fyrirmyndardeginum

Fyrirmyndardagurinn var haldinn í fyrsta skipti þann 4. apríl og er hugmyndin að um árlegan viðburð verði að ræða. Fyrirmyndardagurinn er dagur þar sem fyrirtæki/stofnanir hljóta atvinnuleitendum með skerta starfssetu að fylgja starfsmanni eftir í sínu fyrirtæki eða stofnun í einn dag eða hluta úr degi. Með því fá atvinnuleitendur tækifæri á að kynna sér fjölbreytt starfsumhverfi og forvarsmenn fyrirtækja fá að kynna styrkleikum hvers þáttakanda. Aftak tók þátt í deginum og fékk hann Óla til sín heimsókn sem aðstoðaði Guðmund Bjarkason í einn dag. Aftak er fyrirtæki í Völuteig sem sér um heildarlausrir í húsbýggingum og rafögnum.

## Fimm kennsludögum bætt við í FMOS

Nemendur í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ eru aftur mættir í skólanum eftir verkfall framhaldsskólakennara. Ákveðið hefur verið að bæta við fimm kennsludögum í kjölfar verkfallisins. Þetta eru þrjúdagur 22. apríl, 8. og 9. maí og 12. og 13. maí. Auk þess verður þemadagur sem átti að vera 7. maí breytt í kennsludag. Kennir verður til 23. maí og útskrift verður laugardaginn 31. maí.



## ELDRI BORGARAR

### Þjónustumiðstöðin Eirhörmum

#### FRAMUNDAN Í APRÍL OG MARS

**Fástudagur 25. apríl**  
**FÉLAGSVIST kl. 13:00.**  
Í borðal Eirhamra. Aðgangseyrir 600 kr. Innifalið kaffi og meðlætt. Vinningar fyrir tvo efstu sætin. Skráningar krafist.

#### Miðvikudagur 29. apríl

**Ferð á Suðurlandið.**  
Leggjum af stað frá Eirhörmum kl. 13:00 og förum í heimsókn í félagsstarfð á Hellu og síðan er haldið yfir á Hvolsvöllum og þar verða tekin nokkur spor í Njálureflinn og kaffi drukkið í Söguskálanum. Skráning í síma 586-8014 eða 698-0090, eða á elvab@mos.is. Allir velkomnir.

#### Mánudagur 5. maí

Heimsókn í Gullsmáranum Kópavogi Við ætlum að heimsækja vinafélagsmiðstöðina okkar í Gullsmáranum, Kópavogi.

Við leggjum á stað frá Eirhörmum kl. 13:00 og förum í rútu ef þátttaka er næg (1000 kr. í rútu). Skráning í síma 586-8014 eða 698-0090, eða á elvab@mos.is. Allir velkomnir.

#### Gleðilega páska

Félagstarfð óskar Mosfellingum gleðilegra páska og fer í páskafrí 17. apríl og opnar aftur 22. apríl.

#### Fallegt handverk til sölu

Félagstarfð í Eirhörmum býður upp á sölu á vörningi sem gestir félagsstarfins vinna allt árið um kring. Því eru allir velkomnir að kaupa það sem til er hverju sinni, svo sem sokka, vettlinga, haka og ýmislegt annað fallegt og handgert á göðu verði. Söluáskapurinn er staðsettur á gangi fyrir framan aðstöðu félagsstarfins. Allur ágðði af söluverni til þággstaddirna í Mosfellsbæ í samstarfi við félagsþjónustuna og kirkjuna.



## Gleðilega páska



*Skrifstofa þjónustumiðstöðvarinnar Eirhörmum er opin alla virka daga kl. 13:00 -16:00. Allar upplýsingar og skráningar eru hjá forstöðumanni þjónustumiðstöðvarinnar í síma 586-8014 eða 698-0090. Skrifstofa FaMos er opin á mánudögum kl. 14.00 -15.00*



# Gerplustræti 25-27



Bjartar og rúmgóðar 3ja til 5 herbergja íbúðir  
Fullbúnar nýjar íbúðir með vonduðum gólfefnum,  
tækjum og innréttingum.

Stórbrotið útsýni

Stæði í bilgeymslu með öllum íbúðum

Stærðir frá 123-152 fm

Stendur í suðurhlíð með svölum til suðurs

Verð frá **29,9 millj.**



Óskar Finnóðsson, sölufulltrúi  
söluf@miklaborg.is sími 822 2387



Páll Þórðsson, sölufulltrúi  
pall@miklaborg.is sími 890 9909



Jason Ólafsson, sölufulltrúi  
jason@miklaborg.is sími 775 1515



Óskar R. Harðarson  
hótt og fjálgott höfðingur

ÞASTEIGNASALAN  
**MIKLABORG**

Með þér alla leið



AFRAKSTUR STYRKJAR-  
TÓNLEIKA AFHENTUR

## Kórinn afhendir Reykjalundi gjöf

Pann 2. apríl afhenti Reykjalundarkórinn Reykjalundi gjöf, kr. 1.100.000, sem var afraakstur styrktarónleika sem kórinn hélt í desember síðastliðnum og voru það síðustu tónleikar kórins. Kórinn var starfræktur í 27 ár, eða frá haustdögum ársins 1986. Kórinn var stofnaður af starfsmannafélagi Reykjalundar í þeim tilgangi að efla félagslíf og auka kynni meðal starfsátta Reykjalundar.

Á myndinni eru Birgir Gunnarsson forstjóri Reykjalundar og kórfeлагarnir Helga Steinþórsdóttir, Guðbjörg Friðriksdóttir og Órn Harðarson.

Annie Vesterbæk er sjúkrapjálfi sem beitir Nálanova

## Nýjung í Mosfellsbæ

Annie Vesterbæk er sjúkrapjálfi og menntuð við University College Vest-skólann í Esbjerg í Danmörku. Hún hefur einnig tekið verknað í China Beijing International Acupuncture Training Center í Kína. Hún hefur unnið við Nálanova og nála-stungumeðferðir í um sex ár. Nú síðustu mánuði hefur hún starfað við sjúkrapjálftun í Heilsuefingu Mosfellsbæjar.

### Mjög góð verkjameðferð

„Nálanova (d. acunova) er meðferðar-tækni sem var þróuð af danska nála-stungu-sérfræðingnum John Boel. Nála-stungur vinna í gegnum taugakerfi líkamans. Það eru ákveðnir punktar í líkamannum þar sem hægt er að senda þó til heila og hafa áhrif á hormón. Með þessu er hægt hafa áhrif á ákveðna staði líkamans.

Með nála-stungum er því hægt að flyta fyrir sjálfsbataferli líkamans og það er einmitt það sem Nálanova gerir.



ANNIE VESTERBÆK

Nálanova er mjög góð verkjameðferð og hefur hún reynst vel við verkjum, bæði í þróttatengdum og krónískum. Nálanova hefur einnig reynst vel til að hægja á augn-sjúkdómum eða bæta sjónina. Hægt er að veita nálanova meðferð við ýmsu.“

Nánari upplýsingar gefur Annie í gegnum netfangið [nalanova.annie@gmail.com](mailto:nalanova.annie@gmail.com).

Byður fólk upp á að taka sér sumarfrí frá þrifum

# Setur á laggirnar Heimilisþrif Hönnu

Mosfellingurinn Jóhanna Kristín Andrésdóttir, 24 ára, hefur stofnað fyrirtækið Heimilisþrif Hönnu. „Mig vantaði vinnu fyrir sumarið þar sem ég er að safna mér pening til að fara til Búdapest í haust að lera ljósmyndun. Ég hef sótt um allskonar sumarstörf en lító er um svör. Þá dat mér í hug hvort það væri ekki bara fráber hugmynd að fara til í eigin rektur og bjóða fólk upp á heimilisþrif í Mosfellsbæ,“ segir Hanna.

Í boði verða regluleg þrif, almenn heimilisþrif, flutningsþrif, vorhreingingingar og öll almenn þrif. Á heimasíðunni [www.heirheimili.com](http://www.heirheimili.com) verður hægt að finna allar helstu upplýsingar og munu Mosfellingar njóta sérkjara.



HANNA BYÐUR  
UPP Á HEIMILISÞRIF



## Þroskaþjálfari í Krikaskóla

Krikaskóli er leik- og grunnskóli fyrir börn á aldrinum 1-9 ára og starfsemin tekur mið af skólafestu Mosfellsbæjar um heildstætt uppeldis- og skólafarir í leik- og grunnskólum. Skólaárið 2013-2014 verða börn á aldrinum 2-9 ára í skólanum. Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér skólafestu skólans á heimasíðu hans áður en þeir sækja um starf. Krikaskóli er þróunarskóli með heimild Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Skilyrði fyrir ráðningu í Krikaskóla er að viðkomandi hafi ánægju af börnum í öllum sínum fjölbreytileika, hafi ríka samskiptaþæfni í hröðu og lífandi umhverfi skólafarissins og eigi auðvelt með að taka ábyrgð á sjálfum sér.

### Eftirfarandi starf er laust til umsóknar:

Þroskaþjálfari með leikskólabörnum. Um 100% stöðu er að ræða vegna fæðingarorlofs til eins árs. Starfið felst í að vera liðsmaður ákveðinna barna og sinna einstaklingsþörfum þeirra. Um teymisvinnu er að ræða þar sem hver liðsmaður sinnir nokkrum börnum.

### Hæfnikröfur:

- Háskólamenntun á sviði þroskaþjálfunar og/eða sérkennslu
- Reynsla af sambærilegu starfi er æskileg
- Góð þæfni í mannlegum samskiptum er skilyrði
- Jákvæðni og sjálfstæði í vinnubrögðum

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningnum Sambands íslenskra sveitarfélaga og þroskaþjálfafélags Íslands. Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 25. apríl 2014.

Áhugasömum er bent á að kynna sér heimasíðu skólans [www.krikaskoli.is](http://www.krikaskoli.is). Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á netfangið [krikaskoli@krikaskoli.is](mailto:krikaskoli@krikaskoli.is).

Allar nánari upplýsingar veitir skólafestjóri Krikaskóla, Þrúður Hjelm [thrudur@krikaskoli.is](mailto:thrudur@krikaskoli.is) eða Ágústa Óladóttir sviðstjóri Krikaskóla [agusta@krikaskoli.is](mailto:agusta@krikaskoli.is) í síma 578-3400.



VIÐBING JÁKVÆDNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA

MOSFELLSBÆR

**SAMSÖNGUR AÐ VORI**

Álafosskórinn

Stjórnandi: Ástvaldur Traustason

Stjórnandi: Órlygur Atli Guðmundsson

bjóða til samsöngs síðasta vetrardag, miðvikudaginn 23. apríl, kl. 20.00 í safnaðarheimili Vídalinskirkju í Garðabæ.

Aðgangur ókeypis.



# ***SUMARDAGURINN***

## ***FYRSTI 24. APRÍL 2014***

Skrúðganga frá Miðbæjartorginu  
Leiktæki og fjör við Lágafellsskóla

### ***DAGSKRÁ:***

kl. 13:00: Skrúðganga frá Miðbæjartorginu að Lágafellsskóla

kl. 13:30: Leiktæki og fjör við Lágafellsskóla

Sjoppa og pylsuvagn - Kaffisala og kökuborð í sal skólans

### ***LÁTUM GOTT AF OKKUR LEIÐA!***

kl. 16:00: Góðgerðaleikur að Varmá. Hvíti Riddarinn – Afturelding.

Tilgangur leiksins er að safna fyrir Kára Örn Hinriksson Mosfelling og félagamenn sem greindist nýlega með krabbamein í fjórða sinn og er að jafna sig eftir erfiða aðgerð. Kári hefur barist hetjulega við krabbamein í fjöldamörgum árum og nú er komin tími til að við aðstoðum hann í baráttunni.

kl. 20:00 Hvíti Riddarinn: Góðgerðartónleikar fyrir Kára Örn Hinriksson

Fram koma m.a. VÍO (sigurvegarar músiktilrauna 2014), Friðrik Dór, Hafdís Huld, Stormsveitin og Biggi Haralds, Stefánía Svavars, Tríoíð Kókos og Dagur Sigurðsson skemmta, allir þessir listamenn gefa vinnu sína.



***MOSFELLINGAR!***

***FJÖLMENNUM OG FÖGNUM SUMRI***



**MOSFELLSBÆR**





## Opíð hús á Sveinseyri

Opíð hús verður að Sveinseyri á föstudaginn langa, 18. apríl milli kl. 14.00 og 18.00. Til sýnis verða listmunir eftir Steinninu Bergsteins. mósaik, silkisláeður og skartgripir. Allir velkomnir að líta við í húsið í skóginum fyrir neðan Reykjalund.

## Íbúahreyfingin óskar eftir þátttakendum

Íbúahreyfingin í Mosfellsbæ hyggst bjóða fram lista á sveitarstjórnarkosningunum í vor. Íbúahreyfingin varð til í aðdraganda síðustu kosninga og fékk einn mann inn í bæjarstjórn. Jón Józef Bjarnason hefur verið þeirra fulltrúi á kjörtímabilinu. Megináhersla íbúahreyfingarinnar er gagnsæi opinberrar stjórnsýslu og íbúalýðræði. Nú er leiða til Mosfellinga til þátttöku í framboði íbúahreyfingarinnar í vor. Leiða er til íbúa sem vilja hafa áhrif á samfélagið án þess að skrá sig í hefðbundinn stjórnmálaflokk. Nánar á [ibuahreyfingin.is](http://ibuahreyfingin.is).



## Nýstárleg námskeið í stærðfræði

Fyrirtækið Betra nám hefur hannað nýtt og bytlingarkennt vefnámskeið í stærðfræði fyrir nemendur í 5.-10. bekk grunnskóla og fyrsta ári í menntaskóla. Áherslan er almenn brot en þau gegna lykilhlutverki í framhaldsnámi barna. Námskeiðið er sett fram á afar skýran og kerfisbundinn hátt svo auðvelt er að ná tókum á því. Allt námskeið er mjög sjónrænt og byggir á nýjustu tækni. Námskeiðið er spjaldtölvu- og snjallsímavæmt og keyrir á yfir 300 myndskráum. Námskeiðið hentar nemendum hvort sem þeir glíma við námsferfaleika í stærðfræði eða vilja einfaldlega þjálfa sig betur. Að námskeiðinu standa Kolbeinn Sigurjónsson og Halldór Þorsteinsson og hægt er að kynna sér námskeiðið frekar á [www.betranam.is](http://www.betranam.is)



Frá vinstri: Daniel Örn, Bjarni, Valdimar Leó, Sigrún Theodóra, Þórunn Isfeld, Kristján Ingi og Hjalti.

Mosfellslistinn undir forystu Valdimars Leós • Lárus H. Jónsson skipar heiðurssetið

# Mosfellslistinn mun bjóða fram í kosningunum í vor

Nýtt framboð fyrir sveitarstjórnarkosningar er orðið að veruleika, Mosfellslistinn. Um er að ræða fjölbreyttan hóp á breiðu aldursbili, sem vill vinna að betra samfélagi.

Reynsluboltinn Valdimar Leó skipar efsta sætið á listanum sem mun vera listabókstafinn L. Valdimar Leó er m.a. formaður UMSK og hefur setið á Alþingi í þrjú ár og ætlast sé nú að láta til sín taka í bæjarpólitíkinni af fullum krafti. Hér til hlíðar má sjá þá framboðendur sem skipa efstu átta sæti listans. Þá mun Lárus H. Jónsson skipa 18. sætið.



## EFSTU ÁTTA Á MOSFELLSLISTANUM

1. Valdimar Leó Friðriksson framkvæmdastjóri
2. Sigrún Theodóra Steinþórsdóttir kennari
3. Hjalti Arnason framkvæmdastjóri
4. Kristján Ingi Jónsson artasali
5. Daniel Örn Sólveigarson nemi og framkvæmdastjóri
6. Þórunn Isfeld Þorsteinisdóttir ellilífeyrisþegi
7. Bjarni Ingi Marsson slökki- og sjúkrafaltingamaður
8. Erla Jóna Steingrimsdóttir skóla- stuðningsfulltrúi

## Áhuginn liggur í skóla- og menntamálum

Sigrún Theodóra Steinþórsdóttir skipar 2. sætið á listanum. Hún er þrjú barna einstæð móðir og hefur búið í Mosfellsbæ sl. 16 ár. Sigrún Theodóra er með B.Ed. gráðu í grunn-skólakennarafræðum með áherslu á listgreinar og M.Ed. gráðu í list- og verkmenntum frá Háskóla Íslands. Hún starfar sem listgreinakennari í FMOS.



„Mosfellsbær er yndislegur staður til að búa á og ég hef mikið áhuga á að vinna með góðu fólki við uppbyggingu hans og þá helst að því sem snýr að skóla- og

menntamálum. Eins er ég mikill náttúruunnandi og er því mjög umhugað um umhverfið og verndun þess. Ég vil sjá mig sem rödd kennara, starfsfólks skólanna, nemenda og foreldra þeirra í náinni framítið og koma þeirra skilaboðum og óskum um betra skólalastarf á framfæri. Ég eld heilæðleika, hreinskilni og einlægni skipta miklu máli þegar kemur að því að vinna með fólki og fyrir fólk og mun ég því gera mitt besta til að vinna eftir þeim gildum,“ segir Sigrún Theodóra.

## Kominn tími á unga fólkíð

Daniel Örn Sólveigarson skipar 5. sæti listans. Hann er borinn og barnfæddur Mosfellingur, er á 3. ári í félagsfræði og rekur verslun með fjöskýldunni. Hann er nýjðan ára og telur tíma til kominn að unga fólkíð láti til sín taka í bæjarfélunum. „Það þarf að hlúa að minni fyrirtækjum í Mosfellsbæ. Einnig þarf að fjlgja atvinnutekifærunum hér þannig að fleiri geti stundað vinnu í síni heimabyggð. Íþróttir eru ofarlega á lista hjá mér þ.m.t. fjölnota íþróttahús. Einnig þarf að bæta strætisvagnsamgöngu hér og algveg upp í dal,“ segir Daniel Örn.



## ÚTSALA Á NÝJUM EFTIRÁRS FERÐAVÖGNUM

Tryggðu þér síðustu ferðavagnana á frábæru verði með 2 ára verksmíðuþyrgð

Komdu og skoðuðu, við tókum gamla vagninn uppí.

**ISOBAND.IS**  
BILANPLUTNINGUR  
Sími 6 - 270 8888 - Sími 54 - 541 043 - Hó 540 - 0 - Sími 540 - 0 - Sími 540 - 0



# Gledilegt sumar

Fögnum sumrinu og opnum Mosís í Daniels'bita  
Kjarna Mosfellsbæ á sumardaginn fyrsta

Nýr og flottur Nammibar  
**50% afsláttur**  
á föstudögum og laugardögum

Fullt af tilboðum  
og ís á góðu verði  
á sumardaginn fyrsta

Höfum einning Lottó,  
tóbak, gos, pylsur, sam-  
lokur, snakk og nammí



**DANIEL'S BITI**

**emmessis**



Álafoss, ull og ævintýri spannar sögu Álafoss frá upphafi

# Heimildamynd um ullarævintýrið

Nýverið var lögð lokahónd á heimildamynd sem heitir Álafoss, ull og ævintýri og fjallar um sögu Álafoss frá upphafi ullarvinnslu árið 1897 þar til fyrirtækið varð gjaldþrota 1991.

Myndin er hugarfóstur Hildur Margrétardóttur og er framleidd af henni, Guðjóni Sigmundssyni og Hjálmtýr Heiðdal.



Hildur Margrétardóttir

„Ég byrjaði í raun árið 2005, hugmynd kom upp um að framleiða mynd um sögu svæðisins og í upphafi horfði ég á þetta út frá byggingarlistasögunni. Mér fannst húsin hér í Kvosinni áhugaverð en þegar ég fór að skoða heimildir og annað var það eins og að opna box Pandóru.

Hér á svæðinu hefur alltaf verið mikil menning og mikið frumkvöðlastarí umnið á mörgum sviðum,” segir Hildur en hún fékk Bjarka Bjarnason til liðs við sig við að skrifa handritið að myndinni.

„Við höfum vitað að okkur miklum heimildum í myndum og máli og það var erfið að takmarka sig við 40 mínútna heimildamynd



Því hér er mikil menningarsaga, iðnsaga og byggingarlistasaga,” segir Hildur.

RÚV hefur nú þegar tryggt sér sýningar-rétt á myndinni og áætlað er að frumsýna myndina í Bíó Paradís á næstunni.



Leikskólabörn sýndu listaverk og sungu fyrir gesti

## Menningarvika leikskólanna í Kjarna



### » LEYNIÐ FJÁRSJÓÐUR Í ÞÍNUM FÓRUM?



## Bændasamfélag í Mosfellssveit

Skjöl Héraðsskjalasafns Mosfellsbæjar eru mikill vísukubrunn um sögu og menningu héraðsins. Héraðsskjalasafnið varðveitir gögn frá stofnunum, félögum, fyrirtækjum og einstaklingum. Safnið óskar eftir að fá gögn afhent í stað þess að þeim sé eytt. **Glötuð gögn er glötuð saga.**

**Hér fyrir ofan má sjá mynd sem varðveitt er á safninu.**

Í Mosfellssveit var bændasamfélag ríkjandi fram á 20. öld, þar sem hesturinn skipti veigamiklu hlutverki bæði við vinnu og sem farartæk.

Þéttbýli í Mosfellssveit tók ekki að myndast að ráði fyrr en eftir 1950.



# BONUS BONUS BONUS BONUS



**30% AFSLÁTTUR**

Noa konfekt 630g  
Fylltir molar

**1259**  
kr. 630g  
Verð áður kr. 1798

**AFGREIÐSLUTÍMI Í BÓNUS UM PÁSKAHELGINA**

SKÍRDAGUR 17. apríl 10:00-19:00  
NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL

**FÖSTUDAGUR 18. apríl LOKAÐ**

LAUGARD. 19. apríl 10:00-19:00  
**SUNNUDAGUR 20. apríl LOKAÐ**

MÁNUD. 21. apríl 12:00-18:00

25 BÓNUS 1kg

**1998**  
kr. 1000g

**1298**  
kr. 520g

Vanilla IS 2

**2 LTR.**

JARÐARBERJA IS 2

**359**  
krónur 2 ltr.

Súkkulaði IS 2

5.000  
PÁKKAR Í BÓDI

**579**  
kr. 500g

2013  
SLÁTRÁÐ

**1498**  
krónur kg.

Kaupfél. Skagf. Lambalæri í sneiðum **FROSID**

**1259**  
krónur kg.

Bónus Hamborgarhyggur

2013  
SLÁTRÁÐ

**1259**  
krónur kg.

Kaupfél. Skagf. Heilt lambalæri **FROSID**

Ali BAYONNE

**1198**  
krónur kg.

Ali Bayonne-skinka 1.flokkur

2013  
SLÁTRÁÐ

**1398**  
krónur kg.

Kjarnafæði ISLENSKT HEIÐALAMB Íslenskar kryddjurtir

FRÁ ÞÝSKALANDI

**1998**  
krónur kg.

100% **KJÖT**

Frosin Kalkúnabringa

**2798**  
krónur kg.

Kjarnafæði Kofareykt HANGILÆRI URBEINÁÐ

**198**  
kr. 1 kg.

10.000  
PÁKKAR Í BÓDI

**598**  
krónur 565g

10.000  
PÁKKAR Í BÓDI

**498**  
krónur 518g

10.000  
PÁKKAR Í BÓDI

**498**  
krónur 485g

**79**  
kr. 500ml

**198**  
kr. 1.5 ltr.

**198**  
kr. 2 ltr.

AFGREIÐSLUTÍMI  
FIMMUDAGUR  
10:00-19:00

# BONUS EKKERT BRUÐL



AFGREIÐSLUTÍMI  
FIMMUDAGUR  
10:00-19:00





## Rauðakrosskonur hittast

Þann 2. apríl komu 17 Rauðakrosskonur í heimsókn til Rauðakrosskvenna í Mosfellsbæ. Báðir þessir hópar starfa að sama verkefni, að útbúa barnafatapakka til að senda til Hvíta Ríkslands en það er verkefnið „Föt sem framlag“.

Rauðakrosskonur í Mosfellsbæ sendu 140 pakka s.l. ár og nú í ár eru þær búnar að senda 60 pakka. Hópurinn kemur saman á miðvikudögum og þrjónar og saumar, en pakkarnir eru staðlaðir og eiga að innihalda

teppi, handklæði, peysur, buxur, samfellur, sokka og húfur.

Konurnar áttu skemmtilegan dag hér í Mosó og á leiðinni heim komu þær við í handverksútsúnu og bókasafninu.

Rauði krossinn hér í Mosó er opin og miðvikudögum kl. 13-16 og þá er hópurinn „Föt sem framlag“ að störfum. Þá er líka skiptifatamarkaður með barnaföt opin. Öllum er velkomið að taka þátt.



## Vorhátíð í Varmárskóla

